

Þessar öryggisleiðbeiningar eru í samræmi við ES-tilskipun 1907/2006 Viðb. II (SDS-01-CEPE) og reglur Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 m.s. br. (REACH).

**Vöruheiti:**

Ath. Efnið er einungis ætlað til fagmönnum í samrær öryggisleiðbeiningar framleiðanda.

**Clear 2003 part A**

**ÖRYGGISLEIÐBEININGAR**



**1. Söluheiti efnis.**

**Nafn, heimilisfang og sími framleiðanda og seljanda.**

Söluheiti efnis: Clear 2003 part A

Vörukóði framl:

Notkun efnis: PU-grundað lím

Framleiðandi: **INCHMICA division of Intermedia s.r.l**

via Emidio Villa 17, 42124 Zona Ind. Le Mancasale, Italy

Sími: 00 39 0522 406127

Netfang: a.tirelli@immgroup.it



**Seljandi/dreifing** Málningarvörur ehf. Sími 581 4200. Vefsíða: <http://www.malningarvorur.is>

**Neyðarsímar:** Hjá framleiðanda: 00 39 48 737 4228. Landspítali, Eiturefnamiðstöð 543 2222. Lögregla/sjúkrafli. Sími 112.

**2. Varúðarupplýsingar.**

**Flokkast ekki sem hættulegt efni samkvæmt tilsk. 1999/45/EC m.s.vb/br.**

Hættuflokkun/merki: Engin

Viðvörðun á umbúðum: Engin

Annað: Samkvæmt Tilsk. 67/548 EEC og 1999/45 EC og síðari viðb. Og breytingum.

**3. Samsetning efnis - upplýsingar um hættulegt innihald.**

Efni sem teljast hættuleg heilsu eða umhverfi, samkvæmt skilgreiningu tilskipunar 67/548/EEC:

CAS-nr.	ES-nr.	Heiti efnis *	Styrkur % (af þyngd)	Hættu flokkun	Hættusetningar*
64852-22-8		Glyseril ply(oxýpropylen)triamið	1-5	Xi	52/53-38-41

Varan inniheldur engin efni í því magni, samsetningu eða styrk, samkvæmt bestu vitund seljanda, sem flokkast sem hættuleg heilsu eða umhverfi og skylt er að upplýsa um í þessum kafla:

1. Efni flokkuð sem hættuleg heilsu eða umhverfi.
2. Efni með skráð leyfileg mengunarmörk á vinnustað
3. PBT-efni
4. vPvB-efni

\*Mengunarmörk (meðalgildi), sé þeim til að dreifa, eru listuð í kafla 8.

Útgáfudagur 17. jan. 2011

1/5

Útgáfa nr. 2

#### 4. Fyrsta hjálp

- Almennt: Í öllum tilvikum, leiki grunur á eða séu einkenni eitrunar eða áfalls merkjanleg, skal leita aðstoðar læknis. Aldrei skal gefameðvitunarlausum einstaklingi vott né þurrt. Sé viðkomandi meðvitunadlaus skal leggja hann á hlið í hvíldarstillingu meðan beðið er læknaaðstoðar.
- Innöndun: Flytið viðkomandi í ferskt loft og haldið á honum hita. Hafi öndun stöðvast, er óregluleg eða erfið skal beita blástursaðferð eða súrefnisgjöf af til þess þjálfuðum einstaklingi.
- Snerting við húð: Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó. Þvoið svæði rækilega með sápu og vatni eða notið viðurkennt húðhreinsiefni. Notið **EKKI** leysiefni eða þynni.
- Snerting við augu: Fjarlægjið snertilinsur. Skolið augu strax með rennandi vatni í minnst 15 mín. með augnlok opin.
- Inntaka: Hafi efnið verið gleypt skal leita læknaaðstoðar tafarlaust. Sýnið umbúð eða merkimiða. Haldið hita á viðkomandi í hvíldarstöðu. Framkallið ekki uppsörlur.

#### 5. Eldsvoði - slökkviefni.

- Slökkviefni: Mælt er með notkun froðu, kolsýru, dufti eða vatnsúða.
- Leiðbeiningar: Við bruna getur myndast þykkur svartur reykur. Niðurbrotsefni geta valdið heilsuskaða. Viðeigandi öndunar-búnað gæti þurft til varnar. Kælið lokuð ílát, sem eldur leikur um, með vatni. Hleypið ekki afrennsli frá slökkvistarfi í niðurföll. Notið ávallt fullkominn hlífðarfatnað við slökkvistarf.

#### 6. Efnaleki.

- Persónuvarnir: Útilokið neistagjafa og loftræstið svæðið. Forðist öndun gufu eða úða. Lesið leiðbeiningar í kafla 7 og 8.
- Leki/óhapp: Teppið og/eða girðið af efnaleka með óeldfimu efni svo sem sandi, mold eða uppsuguefni, setjið í örugg ílát og fargið í samræmi við gildandi reglur sveitarfélags og í samráði við starfsmenn viðkomandi spilliefnamóttöku (sjá kafla 13). Varnið því að efnið nái að renna í niðurföll eða út í vatn. Lekastað skal hreinsa tafarlaust með til þess gerðu hreinsiefni. Sem dæmi um hreinsiefni (eldfimt) er 45 hlutar (rúmtak) vatn, 50 hlutar etanóls eða ísóprópanóls og 5 hlutar salmíaks (0,880 lausn). Óeldfimt hreinsiefni: 5 hlutar þvottasóði (lútur) í 95 hluta af vatni. Blandið hreinsiefninu saman við upptekin vökva og látið standa í nokkra daga í opnu íláti þar til ekki sjást merki um efnahvörf. Þegar því marki er náð skal loka ílátinu og farga sem spilliefni í samræmi við gildandi reglur viðkomandi sveitarfélags (sjá kafla 13).
- [Ath. Upplýsingar um persónuvarnir og persónuhlífar við förgun er að finna í kafla 8 og 13.](#)

#### 7. Meðhöndlun og geymsla.

- Meðhöndlun: Reykið ekki við meðhöndlun þessa efnis.
- Geymsla: Geymið á vel loftræstum stað, fjarri hitagjöfum, neistagjöfum, sólarljósi.

#### 8. Mengunarmörk - persónuhlífar - forvarnir.

- Forvarnir Undirbúið verkstað þannig að tryggt sé að nota megji efnið samkvæmt tæknilegum leiðbeiningum. Tryggið virka loftræstingu á verkstað.
- Hendur Notið hlífðarhanska úr latex, PVC eða sambærilegu efni (EN 374). Við val á hönskum skal fara eftir leiðbeiningum framleiðanda þeirra varðandi efnaþol, niðurbrotstíma, styrk, varnatíma. Prófið styrk hanska gegn viðkomandi efni (getur verið ófyrirsjáanlegur). Séu hanskar notaðir oft en einu sinni skal skoða þá og prófa fyrir hverja notkun.
- framhald á bls. 3**

**Efni: Clear 2003 part A**

Húð	Notið hlífðarfatnað (Flokkur 1) með löngum ermum. Notið öryggisskó (EN 344). Þvoið hörund sem kann að hafa orðið fyrir snertingu með sápuvatni eftir að farið hefur verið úr hlífðarfötum.
Öndun	Sé metnun andrúmslofts nálægt mengunarmörkum viðkomandi efnis/efna skal nota öndunargrímu (B) og síu í flokki 1,2 eða 3. Nota skal grímu í samræmi við staðal EN 141. Sé metnun andrúmslofts umfram mengunarmörk viðkomandi efnis/efna skal nota öndunarbúnað með síuhylki fyrir lífrænar gufur/ryk. Ríki vafi um metnun andrúmslofts skal nota öndunarbúnað með tilfærðu lofti
Augu	Nota skal þétt-aðfallandi öryggisgleraugu (EN 166).

**9. Eðlis- og efnaeiginleikar.**

Form/útlit/litur:	Seigfljótandi vökvi, brúnn
Lykt:	-
Lyktarmörk:	-
Sýrustig (pH) :	-
Frostmörk:	-
Suðumörk:	>200 °C
Eimun	-
Blossamörk :	182 °C
Uppgufun:	-
Eldfimi vökva og gufu	-
Neðri kveikimörk:	-
Efri kveikimörk:	-
Neðri sprengimörk:	-
Efri sprengimörk	-
Gufuþrýstingur:	1 Pa við 20 °C
Eðlisþyngd gufu:	-
Eðlisþyngd :	1,02 grömm/rúmsm við 25 °C
Seigja :	
Uppléysanleiki :	Óuppléysanlegt í vatni
Skilstuðull: n-otanól/vatn	-
Sjálfkveikimörk:	-
Niðurbrotshitastig:	-
Seigja:	860 mPa.s (25°C)
Hvarfagirni:	-

( - = upplýsingar ekki fyrir hendi)

**10. Áhrifavaldar - stöðugleiki.**

Efnið er efnafræðilega stöðugt við meðhöndlun og geymslu. Engri sérstakri hættu stafar af hvarfagirni eða niðurbroti.

Engu að síður skal viðhafa sömu varkárni og við meðhöndlun og notkun allra kemískra efna.

**11. Eiturfræðileg atriði.**

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur viðkomandi efni ekki reynst hættulegt heilsu. Engu að síður skal haga meðferð og meðhöndlun með sömu varkárni og gildir um öll kemísk efni. Einstaklingar sem eru viðkvæmir fyrir kemískum efnum gætu fundið til óþæginda við innöndun gufu af efninu, vegna snertingar og/eða snertingar við augu.

**12. Umhverfismál.**

Fara skal með efnið í samræmi við góða umgegnishætti í iðnaði. Þrífa skal upp leifar efnisins. Ná efnið að komast í frárennsli, vatnskerfi eða jarðveg skal tilkynna um það til heilbrigðiseftirlits í viðkomandi sveitarfélagi.

Eitrun: Glyseril ply(oxýpropylen)triamíð  
LC50 (96 klst.) 68 mg/l Pisces

Þrávirkni: -

Uppsöfnun: -

Dreifing: -

Áhrif PBT/vPvB -

Önnur áhrif: -

**13. Förgun.**

Efnið: Endurnotið efnið sé þess kostur. Leifar skal fara með sem iðnaðarúrgang við förgun. Efninu skal farga hjá spilliefnamóttöku viðkomandi sveitarfélags og í samræmi við reglugerðir og lög.

Umbúðir: Tæmdum umbúðum skal farga á sama hátt og efninu og í samráði við viðkomandi spilliefnamóttöku.

**14. Flutningur.**

Flutningur efnisins telst ekki hættulegur samkvæmt alþjóðlegum reglum (ADR, RID, IMDG, IATA)

**15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.**

Hættuflokkun: Engin

Varnaðarmerking: Engin

Reglugerðir: Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og skv. tilskipunum ES. (1999/45/EC):  
Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.

Hættusetningar: Engar

Varðnaðarsetningar: Engar

16. Aðrar upplýsingar

CEPE-flokkun:

Tæmandi listun á hættusetningum í kafla 3.

**H38** Ertir húð.

**H41** Hætta á alvarlegum augnskaða.

**H52/53** Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

**Þessar öryggisleiðbeiningar í 2. útg. eru í samræmi við upplýsingar sem liggja fyrir á útgáfudegi, 17. jan. 2011**

Upplýsingar í þessum Öryggisleiðbeiningum (MSDS) byggjast á núverandi þekkingu okkar og þeim ES-lögum viðkomandi þjóða sem gilda á útgáfudegi leiðbeininganna. Efnid skal ekki nota til annars eða á annan hátt en tiltekið er í kafla nr. 1 nema að áðurfengnum skriflegum leiðbeiningum. Í öllum tilvikum og alltaf er það á ábyrgð notanda að viðhafa nauðsynlegar öryggisráðstafanir sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og í öryggisreglum viðkomandi vinnustaðar. Upplýsingar í þessum öryggisleiðbeiningum (MSDS) er ætlað að lýsa öryggis- og varúðarráðstöfunum viðkomandi efnis en ber ekki að skilja né túlka sem tryggingu fyrir eða staðfestingu á efnis- eða tæknilegum eiginleikum þess.

Íslensk þýðing: Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélátæknifræðingur, Reykjanesbæ Febr. 2011

Útgáfudagur 17. jan. 2011

5/5

Útgáfa nr. 2